

Reglur um akstur foreldra í dreifbýli með börn í leikskóla.

Reglum þessum er ætlað að hvetja foreldra til að nýta leikskóladvöl fyrir börnin sín og um leið að draga úr þeim mismun sem búseta langt frá þjónustu getur haft í för með sér.

Sveitarfélagið greiðir foreldrum styrk vegna aksturs með börn í leikskóla samkvæmt eftirfarandi:

- Þeir sem þurfa að aka meira en 15 kílómetrar frá heimili að leikskóla eiga rétt á greiðslum.
- Akstur umfram þá vegalengd skal greiddur samkvæmt eftirfarandi útreikningum: (Vegalengd – 15 kílómetrar) x 2. Dæmi (25 km – 15) x 2 = 20 km.
- Aðeins skal greiða sem nemur einni ferð á dag að morgni eða síðdegis.
- Miða skal greiðslur við lægsta taxta sem gefinn er út af ríkisskattstjóra hverju sinni.
- Akstur foreldra skal staðfestur af leikskóla áður en til greiðslu kemur.
- Hámarksupphæð á ári skal ekki fara fram yfir krónur 400.000.- og miðast við neyslúvísitölu í október 2011. Ef barn (börn) er (eru) í leikskóla hluta úr ári skal hámarksgreiðsla taka mið af lengd tímabilsins.
- Greitt er eftir á fyrir tvö tímabil, janúar til júlí og ágúst til desember. Umsóknir fyrir tímabilið ágúst/desember þurfa að berast eigi síðar en 20. janúar ár hvert. Réttur til greiðslna fellur niður eftir þann tíma.
- Reglur þessar taka þegar gildi.

Dags, 2. október 2020

Matthildur Ásmundardóttir